



Hvað er svona merkilegt við það?



Ráðstefna um konur og siglingar á alþjóðasiglingadeginum 26. september

Alþjóðasiglingadagurinn er í ár helgaður konum með þemanu „*Empowering women in the maritime community*“. Af því tilefni standa samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið og Siglingaráð fyrir ráðstefnu **fimmtudaginn 26. september** undir yfirskriftinni **Hvað er svona merkilegt við það?**

Í engri starfsstétt á Íslandi er hlutfall kvenna jafnlágt og á sjó. Markmið ráðstefnunnar er að vekja athygli á fjölbreyttum atvinnumöguleikum í siglingum jafnt fyrir konur og karla. Á ráðstefnunni munu innlendir og erlendir fyrirlesarar fjalla um sögu íslenskra kvenna á sjó, segja frá starfsvali sínu og deila sinni reynslu af samvinnu og sambúð kynjanna í siglingum. Þá verður leitað svara við því hvers vegna konur eru svo fáar til sjós og í siglingum og hvernig megi gera störf til sjávar eftirsóknarverð fyrir konur. Forseti Íslands opnar ráðstefnuna og samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra flytur lokaávarp.

Ráðstefnan verður haldin í Kaldalóni í Hörpu og er opin öllum. Hægt er að skrá sig á vef Stjórnarráðsins.

Dagskrá:

13:00 — Forseti Íslands **Guðni Th. Jóhannesson** setur ráðstefnuna.

- **Women in the Maritime Community.**

Joanna Nonan, aðmírall í bandarísku strandgæslunni (Rear Admiral US Coast guard).

- **All Aboard: Icelandic Women, Equality and Opportunity at Sea.**

Margaret Willson, mannfræðingur og prófessor við Washington-háskóla.

- **Átakið #kvennastarf.**

Jón Hjalti Ásmundsson, skólastjóri Skipstjórnar- og véltekniskóla Tækniskólans.

14:30 — Hlé og kaffiveitingar.

- **Í blíðu og stríðu. Reynslusaga konu til sjós.**

Jónína Hansen, stýrimaður.

- **Vélfræði, sálfræði, stjórnun.**

J. Snæfríður Einarsdóttir, vélfræðingur og ráðgjafi hjá HSE Consulting.

- **Sjómannslífið.**

Heiðveig María Einarsdóttir, sjómaður og viðskiptalögfræðingur.

- **Af hverju ekki ég.**

Halldóra Kristín Unnarsdóttir, strandveiðikona af Snæfellsnesi.

- **Samantekt:** Af hverju eru ekki fleiri konur á sjó?

16:00 — **Sigurður Ingi Jóhannsson**, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, flytur lokaorð og slítur ráðstefnu.

Fundarstjóri er **Ragnhildur Hjaltadóttir** ráðuneytisstjóri.

Að ráðstefnu lokinni er boðið upp á léttar veitingar um borð í Sæbjörgu, skipi Slysavarnaskóla sjómanna.

Stjórnarráð Íslands

Samgöngu- og
sveitarstjórnarráðuneytið